

Utgefandi  
HLUTAFÉLAG  
Ritstj. JAKOB MÖLLER  
SÍMI 400.

# VÍSIR

Skrifstofa og  
afgreiðsla í  
Hótel Island  
SÍMI 400.

6. árg.

Laugardaginn 5. febrúar 1916.

35. töl.

Gamla Bíó

## Stúlkan fra Kullen.

Framúrskarandi fallegur og spennandi  
sjónleikur í 3 þáttum.  
Aðalhlutv. leikur hin góðkunnna leikkona  
Henny Porten.

Sagan um skyrtuna.

Afar hlægilegt.

## Ísl. söngvasafn.

— I. BINDI —

150 uppáhalðssönglög  
þjóðarinnar með raddsetningu  
við allra hæfi.

Stærsta og ódýrasta íslenska nótnabók-  
in sem út hefir komið til þessa. Prentuð  
í vönduðustu nótnastungu Norðurláfu á  
sterkan og vandaðan pappir.

Ómissandi fyrir alla söngvini  
landsins!

Fæst hjá öllum bóksölum.

Verð 4 kr. Innb. 5 kr.

Bókaversl. Sigf. Eymundssonar.



Hér með tilkynnist vinum  
og vandamönnum, að okk-  
ar elskulegur eiginmaður og  
faðir, Tómas Eyvindsson,  
andaðist að heimili sínu,  
Skotavágsinu, miðvikud. 2. þ. m.

Jarðarförin fer fram þriðju-  
daginn 8. þ. m. og hefst kl.  
11½ með húskveðju frá  
heimili hins látna.

Sigríður Pálsdóttir  
og börn.

Landsins stærsta úrval  
af

## rammalistum

er á Laugavegi 1.

Innrömmun fljótt og vel af hendi  
leyst. — Hvergi eins ódýrt.

Lítið inn á Laugav. 1

## Simskeyti

frá fréttaritara Vísis

Khöfn 4. febr. 1916.

I Portúgal hafa orðið uppöt og blóðugir bar-  
dagar út af stefnu stjórnarinnar í sambandi við  
ófriðinn.

## Halló, Hafnfirðingar,

nú hefi eg »Freyjuspor« á boðstólum.

Lárus Bjarnason, bóksali.

## Erindi um

## Dulræn efni

flytur Hermann Jónasson í Bárinni

sunnudaginn þann 6. þ. m. kl. 5 e. h.

Verða þar sagðar ýmsar mjög merkar

## sagnir og draumar.

Eru sagnirnar allar íslenskar og nær undantekningarlaust frá  
síðustu tímum, og sumar þeirra eru vottfestar.

Inngangur 50 aurar.

Aðgöngumiðar verða seldir á laugardaginn 5. þ. m. í Bóka-  
versl. Sigf. Eymundssonar og Ísafoldar. Einnig við innganginn.

Af gildum ástæðum verður

## ekkert af grímudansinum

á sunnudaginn í Good-Templarahúsinu

en aftur á móti heldur skemtifélagið

## Dansleik

á sunnudagskveldið.

Aðgöngumiðar verða seldir í Good-Templarahúsinu á sunnu-  
daginn eftir kl. 5.

## Ungmennafélagar.

U. M. F. Reykjavíkur, lóunn og kennarskólans  
halda samfund sunnudaginn 6. þ. m. kl. 6 síðd. í Bárubúð.

Jón Kjartansson, starfsm. fjórðungssamb., flytur erindi o. fl.  
Allir ungmennafélagar ættu að koma á fundinn.

Þeir sem ekki koma stundvíslega missa af því besta.

Nýja Bíó

## Carmen

eða

ástin hatrininu yfir-  
sterkari.

Sjónleikur í þrem þáttum,  
leikinn af mikilli snild af

Alexandre og frk. Robinne.  
(Fegursta leikkona heimsins).

Síðasta sinn í kveld

Leikfélag Reykjavíkur.

## Hadda Padda.

Sjónleikur í 4 þáttum eftir  
Guðmund Kamban.

Verður leikin á laugardag 5. og  
sunnudag 6. þ. m.


í síðasta sinn!

Pantaðra aðgöngumiða sé vitjað  
fyrir kl. 3 þann dag sem leikið er,  
annars verða þeir  
þegar seldir öðrum.

Hér með tilkynnist vinum og  
vandamönnum, að stúlkan  
Kristín Vigfúsdóttir lést á  
Landakotsspítala 3. þ. m.

Jarðarför hennar verður  
auglýst síðar.

Ögmundur Ólason.



Afmæli á morgun:

Björn Þórðarson cand. jur.  
Guðrún Jónsdóttir húsrú.  
Guðbjörg Jafetsdóttir ungfrú.  
Halldór Daníelsson yfirdómari.  
Helga Kristjánsdóttir húsrú.  
Magnús Guðmundsson sýslum.  
Magnús Benjamínsson úrsm.  
Steinþór Magnússon járnsm.  
Þórarinn Jónsson Hjaltabakka.

Afmæliskort með íslensk-  
um erindum fást hjá Helga  
Arnasyni í Safnahúsinu.

Goðafoss

kom til Lervick 2. þ. m. á út-  
leið.

(Framh. á 4. síðu).